

- jan.	— — 4	— — — “ —
- febr.	— — 5½	— — — “ —
- mars.	— — 7	— — — “ —

74
24 sept.

D. Afgangsorðu má selja til suðu og hitunar o. þ. h. fyrir 12 auru kwst. eða 25 kr. kw. um mánuðinn, ef jafnframt er gert að skilyrði, að orkan sje ekki notuð alt að 7 ljósfrekustu klukkustundir dagsins eða lengri tíma eftir nánari fyrirætlunum rafmagnsstjóra í hvert skifti.

E. Þegar sjerstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja orku eftir sjerstökuum samningi í hvert skifti, þó ekki lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki rafmagnsstjórnar.

F. Verð fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórnin eftir tillögum rafmagnsstjórnar.

Bæjarstjórninni er heimilt, án frekari staðfestingar ráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld fyrir notkun raforku um alt að 20% frá því sem ákveðið er í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. nóvember 1925.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. sept. 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

AUGLÝSING

um

læknissetur í Reykhólahjaraði.

Eftir að málið um læknissetur í Reykhólahjaraði hefir legið fyrir sýslunefndinni í Austur-Barðastrandarsýslu, og eftir að málinu síðan hefir verið skotið til ráðuneytisins, þá er hjermeð, samkvæmt heimild í lögum nr. 34 frá 1907 og eftir tillögum landlæknis, ákveðið, að læknissetrið í Reykhólahjaraði skuli vera fyrir botninum á Berufirði.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. septbr. 1925.

75
25. sept.